

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 273/2023

2024/EES/42/27

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1473 frá 17. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsk matsskjöl fyrir dúka sem notaðir eru sem undirlagsklæðning á þök eða vegg eða bæði og aðrar byggingarvörur ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 D 1473:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1473 frá 17. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 181, 18.7.2023, bls. 47).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/1473, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 18.7.2023, bls. 47.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.